

Kennsluáætlun fyrir 6.-7. bekk skólaárið 2023-2024

Íslenska

Íslenska er sambætt við samfélagsfræði og náttúrufræði á haust- og vorönn. Þættir sem þar eru æfðir eru lestur, skrift og réttitun.

Haustönn 2023

Tímabil 21.08-15.09	Egils saga Skalla-Grímssonar tekin fyrir. Ýmis verkefni unnin úr sögunni. Lögð verður áhersla á að nemendur vinni að eigin samantekt úr kaflanum hverju sinni.
------------------------	---

Vorönn 2024

Tímabil 08.01-02.02	Málfræði Unnið með skiptingu orðaforða í fallorð, sagnorð og smáorð, hlutverk þeirra og helstu einkenni. Greiningarverkefni, ritun og hugarleikfimi.
------------------------	---

Stærðfræði

Stærðfræði er sambætt við formfræði á haustönn og myndlist á vorönn.

Haustönn 2023

Rúmfræði Tímabil 27.11-20.12	Fríhendis rúmfræði. Nemendur vinna með tvívíð form, margskipt og samfléttuð. Upprifjun á reiknings aðferðunum fjórum í uppsettum dæmum. Hugarreikningur og stærðfræðilegur skilningur efldur. Verkefni unnin með hringfara og reglustiku með rúmfræðiformum. Nemendur kynnist hugtökum eins og miðja, radius, þvermál, strengur, sniðill o.fl.
------------------------------------	--

Vorönn 2024

Reikningur Tímabil 04.03-05.04	Upprifjun á almennum brotareikningi og tugabrotum. Skilningur á mælieiningunum dýpkaður. Frumtölur og ferningstölur kynntar. Margföldunartölur æfðar og mikilvægustu deili reglurnar kynntar.
--------------------------------------	--

Erlend tungumál

Enska

Tímabil 08.04-03.05	Skrift, réttitun, lestur, upplestur og framburður æfður með árstíðabundnum ljóðum og sönglögum. Talmál og skilningur æfður í gegnum ýmsar gagnvirkar æfingar og leiki.
------------------------	---

Danska

Tímabil 21.05-07.06	<p>Áhersla er lögð á talað mál og orðaforða í dönsku.</p> <p>Orðaforði og talað mál</p> <ul style="list-style-type: none">• hlustunaræfingar• stutt skilaboð og stuttar sagnir eða ævintýri• almennar kveðjur og kurteisvenjur• telja frá 1-100• dagar, mánuðir og árstíðir• danska og íslenska skoðuð - hvað tungumálin eiga sameiginlegt• ljóð og vers æfð ásamt hrynjanda og hljóm• spil og leikir á dönsku• stuttir textar og orð rituð í dönskubók• málfræði - samþætt við íslensku, nafnorð, sagnorð og lýsingarorð
------------------------	--

List- og verkgreinar

Nemendum er skipt niður í tvo hópa, annar hópur er í smíði en hinn í textílmennt. Kennt er daglega, fjórar kennslustundir í senn, í millitíma og eftir hádegi.

Handavinna

Haustönn Tímabil 18.09 - 24.11	<p>7.bk. Nemendur munu rifja upp þrjón. Verkefnið verður að þrjóna inniskó. Byrjað verður á tveim þrjónum til upprifjunnar og svo verður áskorunin meiri þegar fimm þrjónar verða notaðir til að ljúka við inniskóna.</p> <p>8.bk Verkefni vetrarins er að gera strengjabrúðu. Við , nemendur og kennari, ákveðum í sameiningu ævintýri sem nemendur handsauma brúður fyrir, útfæra brúðuleikrit og að lokum sýnum við það fyrir áhorfendur á basar skólans. Verkefnið reynir mikið á samvinnu á ýmsan hátt, má þar nefna góða hlustun, góða innlifun og yfirsýn yfir heild verksins auk fínhreyfingu við handsaum, lításamsetningu og fagurfræði.</p>
--------------------------------------	--

Smíði

Haustönn Tímabil 18.09-24.11	
--	--

Tónlist

Haustönn Tímabil 21.08-15.09	Fjölbreytt efnisskrá þar sem unnið er með lög, rím, reglur, söng leiki og dans ásamt æfingum í uppsetningu með söng, samspil og dans.
27.11-20.12	Nemendur æfa einradda og margradda söng með áherslu á ítónun, hljóm og tjáningu. Nemendur búa til og spila laglínur á hljóðfæri, móta og flytja lítil verk með tali, söng, hreyfingu og spilun. Nemendur læra grip á stengjahljóðfæri og takt í slagverki. Nemendur læra undirstöður nótna kerfisins og lesa nótur. Nemendur læra að spila eftir eyranu og eftir nótum. Tónlistarflutningur í uppsetningu á jólaleikriti bekkjarins sem flutt verður á jólaskemmtun.

Leiklist

Sambætt við mannkynssögu og íslensku Tímabil 27.11-20.12	Leikrit byggt á forn grískri menningu þar sem nemendur vinna með tónlist og bothmer. Búninga-og grímugerð í samvinnu við list- og verkgreinakennara.
04.03-22.03	Leikrit byggt á rómverskri menningu, nemendur setja upp, æfa og flytja verk eftir handriti.

Myndlist

Sambætt rúmfræðinni Haustönn Tímabil 04.01-02.02	Nemendur dýpka kunnáttu í kolateikningu. Unnið er með helstu formin úr rúmfræðinni svo sem sívaling, ferstrending, píramída, kúlu, keilu, tening, rétthyrning og ferning. Áhersla er lögð á fagurfræðileika formanna og einkenni þeirra dregin fram með ljósi og skugga.
Vorönn Tímabil	Sambætt náttúrufræði (lífbelti). Unnið með vatnslitum og þurrpastel krítum. Skoðað samspil ljóss og úrkomu í mismunandi

06.05.07.06	lífbeltum annars vegar og samspil kaldra og heitra lita hins vegar. Í samspili grunnlita geta myndast nýir litatónar, jafn vel gráir, þegar sítrónugulur, karmín rauður og ultramarine blár blandast saman.
02.04-05.04	Unnið verður í leir með Henk- Jan Meijer, gestakennara frá Hollandi.

Samfélagsfræði

Samfélagsfræði er samþætt við íslensku.

Haustönn

Mannkynssaga Haustönn Tímabil 30.10-24.11	Nemendur fræðast um goðafræði og forn gríska menningu. Nemendur kynast grískum goðum, meðal annars Seif, Heru, Aþenu, Hermes, Apollon, Afróditu ofl.
--	---

Vorönn

Mannkynssaga Tímabil 05.02-01.03	Nemendur fræðast um lífnaðarhætti, matarhefðir, samfélags uppbyggingu, goðafræði og tækniþróun rómverskrar menningar. Kennslan verður í formi einfaldra, myndrænna og sérvalinna frásagna þar sem sérkenni rómverskrar menningar og sögupersóna fá að lifna við. Unnið verður úr sögunum á bæði myndrænan, listrænan og skriflegan hátt.
--	---

Náttúrufræði

Náttúrufræði er samþætt við íslensku.

Steinafræði Tímabil Haustönn 18.09-20.10	Nemendur læra um áhrif veðurfars á gróður jarðar, um hringrás vatnsins og um andrúmsloftið og áhrif vinda. Helstu steindir og bergtegundir verða kynntar og skoðaðar. Nemendur fræðast um jarðskorpuna, flekahreyfingar og áhrif þeirra á myndun fjalla og fjallgarða. Nemendur læra um elstu steintegund jarðar, granít, og hina þrjá frumsteina sem mynda granít; kvars, feldspat og glimmer. Nemendur vinna í vinnubækur og skoða steina bæði í kennslustofunni og í náttúrunni. Fjallað verður um helstu steintegundir á Íslandi og hvernig jarðvegur Íslands hefur myndast.
Vorönn Jarðfræði Tímabil 06.05.07.06	Nemendur læra um líf- og gróðurbeltin, sem eru svæði á yfirborði jarðar er skiptast niður milli lengdar- og breiddargráða, en staðsetning þeirra hefur áhrif á gróður og samspil lífvera. Lífbelti er skilgreint sem tiltekin samsetning loftslags og gróðurfars. Nemendur læra í gegnum innlögð kennara um svæðisbundin veðurkerfi jarðar og áhrif þeirra á hvert annað. Hvernig gróðurfur er innan hinna ólíkra svæða og áhrif gróðurfars á líföndun, dýralíf og búsetu jarðarbúa. Náttúruskoðanir og vettvangsferð til Vestmannaeyja.

Landfræði

Tímabil Haustönn 08.04-03.05	Nemendur æfa sig áfram í kortalestri og hvernig hægt er að nálgast mismunandi upplýsingar um hin ólíku lönd með lestri korta. Áhersla lögð á að fræðast um Norðurlöndin og Evrópu, helstu fjallgarða, skaga og eyjar, innhöf og úthöf ásamt lögun strandlengja. Hver eru hin landfræðilegu skilyrði og hvernig áhrif þau hafa á gróðurþekju og jarðfræði landanna. Landafræði Evrópu er samþætt við mannkynssögu og tímabil rómverska heimsveldisins.
------------------------------------	---

Eðlisfræði

Tímabil Vorönn 04.01-02.02	Nemendur kynnast grunni eðlisfræðinnar í gegnum tilraunir eftir Goetheanískri aðferðafræði. Nemendur fá æfingu í að skrásetja tilraunir eftir vísindalegri aðferð og athugun í máli, riti og listrænni framsögn. Nemendur læra um eiginleika hljóðs, varma, ljóss, rafsegulfræði og stöðurafmagns.
----------------------------------	--

Umhverfismennt

Garðyrkja Haustönn Tímabil 21.08-15.09	Nemendur vinna í matjurtagörðum skólans við uppskeru, almenna garðumsjón og umhirðu. Nemendur nýta hráefni úr garðinum til súrsunar og sultunar, þurrka jurtir, útbúa te, gera saft og smyrsl. Nemendur ganga frá matjurtagarðinum og undirbúa fyrir veturinn.
Vorönn Tímabil 06.05-07.06	Nemendur vinna að plöntun og setja niður útsæði undir leiðsögn kennara. Matjurtagarður undirbúin undir sumarið og vaxtatíma jurtanna. Bera áburð á jarðveg.

Íþróttir og hreyfing

Tímabil Reglulega yfir allt skólaárið	Hreyfing/íþróttir verða með ýmsu sniði. Þá er aðallega notast við umhverfið sem svæðið í kringum skólann hefur uppá að bjóða. Farið verður í fjallgöngur, vettvangsferðir og ýmsa leiki svo eitthvað sé nefnt. Nemendur fá einnig sundkennslu.
Sund	Nemendur fara einu sinni í viku í sund á vorönn.
Ólympíuvika 17.05-20.05	Ólympíuleikar eru settir upp í anda hinna upphaflegu forn-grísku leika og sameinast allir nemendur skólans sem þátttakendur á sérstökum íþróttadegi, en haldin er vikulöng íþróttahátíð í tengslum við leikana.

Bothmer leikfimi

Haustönn Tímabil 21.08-15.09	Leikir og æfingar í íþróttá aðstöðu skólans. Samkeppni er mikilvæg núna. Þetta snýst ekki bara um að "keppa" við aðra. Leikur verður æfing. Orsök og afleiðing ráða. Reglur eru mikilvægar. Megin áhersla á Gríska tímabilið og síðar á Rómverska tímabilið. Í grískum hugsjónum, viðurkennir 11-12 ára krakkar þrá eftir að sigrast á sjálfum sér í gegnum hreyfifærni. Bothmer æfingar fyrir þetta bekkjarstig eru mjög taktfastar gangtegundir. "Taktstökk" - sem leik á milli þyngdar og léttleika. Samfelagstilfinningin er iðkuð í
------------------------------------	--

Aðalnámskrá grunnskólanna, Sótt af .

<https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=f7d55056-989c-11e7-941c-005056bc4d74>

Læreplan for Steinerskolerne. Skólanámskrá Waldorfskólanna í Noregi. Sótt af

<https://www.steinerskole.no/pedagogikk/laereplan/>

En väg til frihet, skólanámskrá Waldorfskóla í Svíþjóð. Sótt af

<http://www.uppsalawaldorfskola.nu/wp-content/uploads/2018/01/en-vag-till-frihet.pdf>